

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Dags. / Date:

14.05.02

Tilvísun / Reference:

02-0197

000.25

Umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs

Umhverfisnefnd Alþingis hefur leitað umsagnar Vinnueftirlits ríkisins um frumvarp um meðhöndlun úrgangs, 651. mál EES-reglur, sbr. bréf dagsett 29. apríl 2002.


Eins og fram kemur í fyrrgreindu frumvarpi á Hollustuvernd ríkisins að vera með eftirlit með framkvæmd laganna og Heilbrigðisnefndir eiga að annast eftirlit með meðhöndlun úrgangs.


Það sem vantar að okkar mati er að það komi fram að Vinnueftirlit ríkisins fari með eftirlit með aðbúnaði starfsmanna sem meðhöndla úrgang skv. lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Þetta gæti komið fram í gr. 10 þar sem fjallað er um meðhöndlun úrgangs.

Einnig telur Vinnueftirlitið það óskýrt hverjum eigi að tilkynna um óhapp eða slys sem greint er frá í lið f í 8. gr. þar sem talin eru upp skilyrði starfsleyfa. Telur Vinnueftirlitið að það þurfi að koma fram að ef um slys á starfsmönnum er að ræða þá þurfi að tilkynna það samkvæmt 81. gr. laga nr. 46/1980. Í fyrrgreindri grein segir m.a. „Komi fyrir eitrun eða slys á vinnustað skal atvinnurekandi eða fulltrúi hans á vinnustað tilkynna það lögreglutjóra og Vinnueftirliti ríkisins svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en innan sólarhrings.“

Frekari athugasemdir hefur Vinnueftirlit ríkisins ekki við fyrrgreint frumvarp.

Virðingarfyllst


Eyjólfur Sæmundsson


Friðjón Már Viðarsson